

## Re: Beiðni um umsögn vegna deiliskipulagstillögu

Búið til	21.4.2023 14:58:50
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.4.2023 14:58:49
Tilheyrir	202304-0040 - Deiliskipulag fyrir gistihýsi og þjónustuhús við Skarðsveg á Siglufirði og breytingar á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032,

### Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna deiliskipulagstillögu
--

### Upplýsingar

Sent	21.4.2023 14:58:49	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	iris@fjallabyggd.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

### Innihald

<p>Góðan dag,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202304-0040 (SS).</p> <p>Vísað er í tölvubréf frá Fjallabyggð, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu deiliskipulags fyrir gistihýsi og þjónustuhús við Skarðsveg á Siglufirði og breytingar á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við framkvæmd hennar. Þótt um sé að ræða nokkuð umfangsmikla uppbyggingu sem mun hafa ásjáanleg áhrif á náttúru og lífríki að vera minniháttar. Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar einkennist gróðurfar svæðisins af alaskalúpínu sem er ríkjandi. Þar sem alaskalúpína telst vera framandi, ágeng tegund hefur gróðurlendið lítið verndargildi. Gæta þarf þess á framkvæmdatíma að flutningur á jarðvegi af svæðinu valdi ekki því að lúpínan dreifist inn á svæði þar sem hana er ekki að finna í dag, en mikilvægt er að reyna að hafa hemil á útbreiðslu hennar á svæðinu sem er töluverð nú þegar.</p> <p>Í Siglufirði er að finna fundarstaði margra sjaldgæfra plöntutegunda. Ekki er vitað um að sjaldgæfar plöntur finnist á framkvæmdasvæðinu.</p> <p>Jákvætt er að fram komi að sýna skuli aðgát vegna fuglalífs á framkvæmdatíma. Fuglategundir eins og skógarpröstur og hrossagaukur sækja í að verpa í lúpínu og ætti að velja framkvæmdatíma þannig að lítil hætta sé á að varpi standi ógn af. Einnig er jákvætt og mikilvægt að hugað verður að mengunarvörnum</p>
--

enda stutt í straumvötn.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Íris Stefánsdóttir" <[iris@fjallabyggd.is](mailto:iris@fjallabyggd.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:**

**Subject:** Beiðni um umsögn vegna deiliskipulagstillögu

**Date:** 21.4.2023 08:47:50

Góðan dag.

Fjallabyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu deiliskipulags fyrir gistihýsi og þjónustuhús við Skarðsveg á Siglufirði og breytingar á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í viðhengi er tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið og tillaga að breytingu aðalskipulags í samræmi við deiliskipulagið.

Skipulagstillagan var í auglýsingu til og með 28. mars sl. en ábending frá Skipulagsstofnun á vinnslustigi tillögunnar um að leita ætti umsagna Náttúrufræðistofnunar yfirsást og því er óskað eftir henni hér með og að hún berist svo fljótt sem kostur er.

Bestu kveðjur,

**Fjallabyggð**



**Íris Stefánsdóttir**

Skipulagsfulltrúi

Skipulagsfræðingur M.Sc.

Beinn sími: 464-9111

Netfang: [iris@fjallabyggd.is \(mailto:iris@fjallabyggd.is\)](mailto:iris@fjallabyggd.is)

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.fjallabyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ce1d9f5f754047ad824008db4244dffe%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638176636702779285%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=%2FN0c2vB%2BPTUGRTkk57nWSUE7O7XBHQ%2Biox6CqyxWGY%3D&reserved=0>)

